



Virðing – Jafnrétti - Ábyrgð – Heiðarleiki



Ársskýrsla 2012

Menntaskólinn við Sund

Skýrsla til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	3
Inngangur.....	4
Nemendur og starfsfólk.....	4
Nemendur	4
Starfsfólk	6
Námsframboð	7
Áherslur skólans og leiðir að markmiðum í skólasamningi MS og MMR.....	8
1) Nemendur	8
2) Nám	10
3) Kennsla.....	11
4) Stjórnun	12
5) Fjármál, rekstur, aðbúnaður	13
6) Samstarf við aðra.....	14
Húsnæðismál.....	15
Rekstrarstaðan og niðurskurður	17
Rekstrarstaðan	17
Aðgerðir til hagræðingar og niðurskurðar	17
Samstarf.....	18
Lokaorð	19

Útdráttur

Skólinn starfar í 5.143 fermetra húsnæði og þar af er 759 fermetra íþróttaaðstaða. Undirbúningur stendur yfir að nýrri viðbyggingu við skólann sem verður tekin í notkun á vorönn 2015. Á báðum önnum 2012 voru 760 nemendur við skólann og var kynjaskipting jöfn. Um 77,7% nemenda MS eiga lögheimili í Reykjavík, 19,8% eiga lögheimili í nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur og 2,5% nemenda eru með lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins. Starfsmenn voru 68 á vorönn 2012 en 67 á haustönn 2012. Stjórnendur eru rektor, konrektor og kennslustjóri. Boðið er upp á nám á tveimur námsbrautum til stúdentsprófs, félagsfræðabraut og náttúrufræðibraut. Unnið er samkvæmt áætlun að mótun nýrrar skólanámskrár sem tekur gildi haustið 2015. Engin úttekt var gerð á skólanum á árinu 2012. Rekstrarhalli ársins 2012 var samtals kr. 22.515.620 en neikvætt eigið fé 1. 1. 2013 var kr. 14.314.401. Gripið hefur verið til margvíslegra aðgerða til hagræðingar og niðurskurðar á síðustu árum sem hafa haft neikvæð áhrif á skólastarfið og gætir vaxandi óánægju meðal kennara með laun sín og starfskjör. En þrátt fyrir það er öflugt þróunarstarf unnið í MS með áherslu á verkefnavinnu nemenda t.d. samvinnunám og þróun fjölbreyttra námsmatsaðferða. Stór hópur kennara vinnur að breytingastarfi í gegnum starfendarannsóknir. MS hafði samstarf við Foreldraráð MS, öflugt og fjölbreytt samstarf við Vogaskóla, stærðfræðikennarar við stærðfræðikennara við Langholtsskóla, íslenskukennari var í samstarfi við hjúkrunarheimilið Mörkina og lífsleiknikennarar í samstarfi við Langholtskirkju. Á þemadögum höfðum við samstarf við marga aðila sem sinna íþróttastarfi í nærsamfélaginu er þeir opnuðu aðstöðu sína fyrir nemendur MS og kynntu fyrir þeim íþróttastarfsemi sína.

Inngangur

Hér verður gerð grein fyrir skólastarfinu í Menntaskólanum við Sund árið 2012. Farið verður yfir stærð skólans, námsframboð og rætt um hvernig tekist hefur að ná markmiðum sem sett voru fram í skólasamningi MS og ráðuneytisins 2010-2012. Farið er yfir helstu áherslur í breytingastarfi innan skólans og fjallað um húsnæðismál, sérstaklega undirbúning að því að reisa viðbyggingu við skólann. Að lokum er fjallað um rekstrarstöðuna og þær hagræðingar- og niðurskurðaraðgerðir sem skólinn hefur gripið til.

Nemendur og starfsfólk

Nemendur

Á vorönn 2012 (1. 2. 2012) voru samtals 760 nemendur við skólann, 380 stelpur og 380 strákar. Þeir skiptust á námsbrautir þannig að á málabraut voru 46 nemendur, á félagsfræðabraut 374 nemendur og á náttúrufræðibraut 340 nemendur.

Á haustönn 2012 (1. 10. 2012) voru samtals 760 nemendur við skólann, 380 stelpur og 380 strákar. Þeir skiptust á námsbrautir þannig að á málabraut voru 23 nemendur, á félagsfræðabraut 380 nemendur og á náttúrufræðibraut 357 nemendur.

Brotthvarf nemenda á milli haustannar 2011 og vorannar 2012 var 9 nemendur eða 1,2%. Brotthvarf nemenda í MS skólaárið 2011-2012 var samtals 33 nemendur eða 4,3%. Brotthvarf var átta nemendur á 1. námsári, sjö nemendur á 2. námsári, fjórtán nemendur á 3. námsári og fjórir nemendur á 4. námsári.

Vorið 2012 útskrifuðust 178 stúdentar frá MS, þar af 91 stúlka og 87 piltar. Alls voru 187 nemendur skráðir í nám í 4. bekk haustið 201, 9 þeirra féllu en af þeim áttu 3 rétt á að endurtaka próf. Samtals útskrifuðust 22 nemendur af málabraut, 82 af félagsfræðabraut og 73 af náttúrufræðibraut.

Á mynd 1 sést að 77,7% nemenda MS eiga lögheimili í Reykjavík, 19,8% eiga lögheimili í nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur og 2,5% nemenda eru með lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins. Þessi skipting hefur verið svipuð síðustu árin. Innan borgarinnar koma hlutfallslega flestir nemendur úr Árbæ og Grafarvogi en einnig koma margir úr hverfunum næst skólanum þ.e. Vogunum, Bústaðahverfi og Neðra-Breiðholti. Utan Reykjavíkur koma flestir úr Kópavogi. Álit umboðsmanns Alþingis um að óheimilt væri að veita nemendum úr ákveðnum grunnskólum forgang hefur ekki haft mikil áhrif í MS.

Skipting nemenda MS eftir lögheimili þeirra.			
	Október 2012		
Nemendur með lögheimili í Reykjavík:	Fjöldi	%	
101 Miðbær	8	1	
103 Nýi miðbærinn	5	0,7	
104 Vogar	75	9,8	
105 Hlíðar	40	5,2	
107 Vesturbær	7	0,9	
108 Bústaðahverfi	72	9,4	
109 Neðra Breiðholt	78	10,2	
110 Árbær	122	16	
111 Efra Breiðholt	23	3	
112 Grafarvogur	117	15,3	
113 Þúsaldarhverfið	42	5,5	
116 Kjalarnes	5	0,7	
Samtals:	594		77,7
Nemendur með lögheimili í nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur:			
Seltjarnarnes	12	1,6	
Kópavogur	54	7,1	
Garðabær	4	0,5	
Hafnarfjörður	6	0,8	
Mosfellsbær	69	9	
Álftanes	3	0,4	
Samtals:	148		19,8
Nemendur með lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins:			
Vesturland	4	0,5	
Vestfirðir	2	0,3	
Norðurland	4	0,5	
Austurland	0	0	
Suðurland	8	1	
Útlönd	4	0,5	
Samtals:	22		2,5
Samtals:	764	100	

Mynd 1. Skipting nemenda MS eftir lögheimili þeirra 1. 10. 2012

Á mynd 2 sjáum við þróun bekkjarstærðar í MS frá 2004 til 2012. Meðalbekkurinn hefur stækkað úr 22,6 nemendur í 25,3 nemendur og við sjáum einnig að hlutfall bekkja með 25 nemendur eða fleiri hefur hækkað úr 47% í 63%. Hópanýtingin hefur verið yfir 100% síðustu þrjú árin. Þessi þróun hefur haft mikil áhrif á skólastarfið þó erfitt sé að mæla það nákvæmlega. Kennslustofur eru troðfullar, námsframboð takmarkaðra, námsumhverfið erfiðara fyrir marga nemendur, kennarar geta ekki veitt nemendum eins góða þjónustu og áður og starfsálag hefur

aukist mjög mikið hjá kennurum vegna stærri nemendahópa, meira álags í kennslustundum og fleiri verkefni og próf til yfirferðar í hverri viku.

Menntaskólinn við Sund		Bekkjarstærð 2004-2012							
Meðalbekkjarstærð	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
1. bekkur	27,7	27,6	27	27,9	25,5	28,6	28,8	26,8	27,4
2. bekkur	24,6	24,3	23,1	23,4	22,9	26,2	28,2	25	25,4
3. bekkur	19,4	22,6	20	21,4	21,3	20,9	28,3	24,4	23,6
4. bekkur	16,7	14,4	19,5	20,4	18,9	16,6	21,5	23,3	24,9
Heildin	22,6	22,4	22,4	23,6	22,6	23,4	25,8	24,8	25,3
Hlutfall bekkja með 25 nemendur og fleiri									
1. bekkur	100	100	100	100	100	100	100	100	100
2. bekkur	33	44	55	25	38	89	100	75	57
3. bekkur	25	25	25	14	29	14	56	38	50
4. bekkur	0	0	0	0	0	0	33	38	43
Heildin	47	47	45	39	48	55	74	58	63

Mynd 2. Þróun bekkjarstærðar frá 2004 til 2012


Starfsfólk

Á vorönn 2012 voru starfsmenn alls 68 talsins, þar af 37 konur og 31 karl. Kennarar voru 53 auk gestakennara í frönsku. Færri kennarar voru virkir því einn var í námsleyfi, einn í launalausuleyfi, einn í veikindaleyfi alla önnina og tveir aðrir voru í veikindaleyfi hluta vorannar og voru því afleysingakennarar ráðnir fyrir þá. Á haustönn 2012 voru starfsmenn alls 67, þar af 40 konur og 27 karlar. Þar af voru 55 kennarar en þrír voru í veikindaleyfi.

Á þjónustusviði voru alls 15 starfsmenn árið 2012 en einn þeirra var í námsleyfi á vorönn 2012 og annar á haustönn 2012. Fimm karlar og tíu konur sinntu þjónustunni á skólaárinu og skiptust þannig: fjórir stjórnendur þar af einn í leyfi hvora önn, þrír námsráðgjafar þar af einn í fæðingarorlofi, tveir á bókasafni (skorið niður í 1,5 stöðu haustið 2012), þrír á skrifstofu (skorið niður í 2,5 stöðu haustið 2012), tveir hafa umsjón með húsnæði og tveir eru í hlutastarfi við tölvuþjónustu.

Undanfarin ár hafa átt sér stað kynslóðaskipti í starfsmannahópnum og til marks um það fara alls fjórir kennarar og einn námsráðgjafi í fæðingarorlof á skólaárinu 2012-2013.


Á eftirfarandi skipuriti MS má sjá stjórnskipun skólans.



Mynd 3: Skipurit Menntaskólans við Sund

Námsframboð

Námsframboð hefur verið eins síðan 2010 þ.e. boðið er upp á nám á tveimur námsbrautum til stúdentsprófs, félagsfræðabraut sem síðan skiptist í tvö kjörsvið, félagsfræði- og hagfræðikjörsvið og náttúrufræðibraut sem skiptist í þrjú kjörsvið, eðlisfræði-, líffræði- og umhverfisfræði, sjá mynd 4. Fyrir 2010 var einnig boðið upp á nám á málabraut, hugvísindakjörsviði en síðasti málabrautarbakkurinn mun útskrifast vorið 2013. Ástæðan fyrir því að ekki hefur verið boðið upp á nám á málabraut síðan 2010 er sú að það hefði í för með sér lakari hópanýtingu með tilheyrandi kostnaði. Fjöldi valgreina í boði var haldið í lágmarki 2012 eins og undanfarin ár og áhersla lögð á mjög góða hópanýtingu þar vegna aðhaldsaðgerða. Hlutfall vikulegra kennslustunda á hvern nemanda var um 1,4 árið 2012 eins og þrjú árin þar á undan en 2008 var hlutfallið 1,7 en hafði verið á milli 1,8 og 1,9 fyrir einum áratug síðan eins og kom fram í ársskýrslu MS árið 2011.



Mynd 4. Námsframboð vorið 2012

Áherslur skólans og leiðir að markmiðum í skólasamningi MS og MMR

Í öðrum kafla skólasamnings MS og MMR eru tíundaðar áherslur og markmið á samnings-tímanum. Hér á eftir er gerð grein fyrir því hvernig skólinn vann að því árið 2012 að ná fram helstu markmiðum sem þar eru.

1) Nemendur

MEGINMARKMIÐ 1:

Nemendur fái fjölbreytt námstækifæri og sýni ábyrgð á námi sínu.

DEILIMARKMIÐ:


- Fjölga nemendum sem eru með yfir 85% skólasókn um fimm prósentustig á næstu þremur árum.
- Fækkun nemenda þannig að heildarfjöldi nemenda verði 735 næstu þrjú ár á meðan byggingaframkvæmdir við MS standa yfir.
- Gert er ráð fyrir að haustið 2011 verði teknar inn 7 bekkjardeildir eða einni færri en á síðasta ári.
- Draga úr brotthvarfi endurkomunema (þeirra sem setjast aftur á sama námsár) með sérstökum samningi í upphafi skólaárs við þá og forráðamenn þeirra, ef nemendur eru undir 18

ára aldri. Stefnt er að því að brotthvarf endurkomunemenda verði komið undir 50% innan þriggja ára.

Skýrt samhengi er á milli námsárangurs og ástundunar, sjá mynd 5 og hefur skólinn sett sér það markmið að bæta mætingu með virkara aðhaldi og meiri samskiptum við foreldra/forráðamenn. Verulegur munur er á mætinu nemenda á fyrsta og öðru námsári borið saman við ástundun þeirra sem eru á þriðja og fjórða námsárinu, sjá mynd 6. Mest áhersla er á að veita yngri nemendunum aukið aðhald með þá von í brjósti að nýjar kynslóðir nemenda venjist á betri og skilvirkari vinnubrögð.



Mynd 5. Fylgni skólasóknareinkunnar og aðaleinkunnar haustönn 2012.



Mynd 6. Skólasóknareinkunn. Meðaltal eftir námsárum haustönn 2012.

Markmið um fækkun nemenda við skólann vegna fyrirhugaðra byggingaframkvæmda stóðust 2011 og voru teknir inn rúmlega 180 nýnemar og skiptust þeir á 7 bekkjardeildir. En haustið 2012 var ákveðið að taka inn 240 nemendur í 8 bekkjardeildir til þess að hafa ársnemendafjöldann samkvæmt áætlun en stór hópur útskrifaðist vorið 2012.

Ekki er enn komin mæling á það hvort markmið um að draga úr miklu brotthvarfi endurkomunema gangi eftir en utanumhald með þessum nemendum og eftirfylgni í formi samskipta skólans við viðkomandi nemendur og forráðamenn þeirra hefur verið aukið til muna.

2) Nám

MEGINMARKMIÐ 1:

Mótun nýrrar skólanámskrár MS sem tekur gildi skólaárið 2015-2016.

DEILIMARKMIÐ:

- Mótun tveggja nýrra námsbrauta til stúdentsprófs, náttúrubraut og samfélagsbraut þar sem opnað er fyrir sérhæfingu milli námsbrauta til stúdentsprófs.
- Mótun nýrrar námsbrautar 90-120 f-einingar sem inniheldur nám í íslensku, ensku, stærðfræði, sögu og menningu þjóðarinnar, listnám og ýmsar verklegar greinar. Áhersla verður á verkefnatengt nám og að nemendur komi sjálfir að skipulagningu námsins og setji sér markmið með aðstoð námsráðgjafa.
- Opna leið á milli styttri námsbrautar og náms til stúdentsprófs.

- *Opna á kjörsviðsverkefni nemenda þvert á brautir og kjörsvið sem fyrsta skref í að opna á námsframboð milli brauta.*

Mótun tveggja nýrra námsbrauta til stúdentsprófs er langt komin en vinna við að móta styttri námsbrautina er á byrjunarstigi. Haldið var áfram við gerð áfangalýsinga fyrir nám á stúdentsbrautunum og gengur sú vinna nokkurn veginn samkvæmt áætlun.

3) Kennsla

MEGINMARKMIÐ 1:

Kennarar leggja áherslu á að auka fjölbreytni í námsmats- og kennsluaðferðum.

DEILIMARKMIÐ:

- *Móta námsmat sem byggist á mati á vinnuframlagi nemenda. Gerð verður tilraun um breytt námsmat í ákveðnum áfanga eða áföngum.*
- *Mótun starfsmannastefnu.*
- *Efla enn frekar starfendarannsóknir starfsmanna og hvetja sérstaklega nýja kennara til þátttöku.*
- *Efla þróunarsjóð MS fyrir nýjungastarf starfsmanna um 20%.*

Á haustönn 2012 hófst vinna við sérstakt þróunarverkefni um þróun námsmats sem styrkt er að Sprotasjóði. Kennarar vinna að þróun leiðsagnarmats, sjálfsmats nemenda, jafningjamats, mats á vinnuframlagi nemenda t.d. mat á virkni í kennslustundum og mat á verkefnavinnu í samvinnunámi. Margir kennarar sinna breytingastarfinu í gegnum starfendarannsóknir. Í sjálfsmatsskýrslu 2011-2012 sem Sigurrós Erlingsdóttir skrifaði kemur eftirfarandi fram um þróun námsmats:

„Á haustönn 2011 lagði konrektor könnun um námsmat í kennslugreinum fyrir alla fagstjóra og voru niðurstöður úr könnuninni kynntar á starfsdögum í maí 2012 (Hjördís Þorgeirsdóttir, 2012, b). Könnunin sýnir að lokapróf eru algengasta matsaðferðin en jafnframt kemur fram að þróunin er í átt til aukins leiðsagnarmats, jafningjamats, sjálfsmats og fjölbreyttrar verkefnavinnu og námsmappa. Þetta kemur bæði fram í svörum við spurningu um hvernig námsmatið sé og hvaða breytingar fagstjórar vilja helst sjá í greininni. Könnunin á námsmati í öllum greinum sýnir að samhliða þróun nýrrar skólanámskrár hafa kennarar leitað leiða til að hafa námsmat fjölbreytt (Hjördís Þorgeirsdóttir, 2012b). Símat hefur fest í sessi í skólanum en greinar fara mismunandi leiðir við útfærslu þess og í umhverfisfræði og ýmsum list- og verkgreinum byggist símat alfarið á verkefnavinnu. Kennarar hafa líka kannað hug nemenda til námsmats og gefið þeim kost á að velja á milli námsmatsgerða. Tilraun Ágústs Ásgeirssonar stærðfræðikennara, Alfa-Beta-Gamma, sem felst í því í að nemendur geta valið milli mismunandi vægis lokaprófs gafst vel (Ágúst Ásgeirsson, 2010) og hafa aðrir kennarar fetað í fótspor hans eins og kemur m.a. fram í könnun á námsmati í öllum greinum. Kennarar hafa einnig unnið að því að efla jafningjamat og sjálfsmat nemenda. Einnig nýta kennarar sér í auknum mæli tæknina og leggja fyrir rafræn próf og verkefnaskil á Námsnet.

Á vorönn 2012 var haldið fræðsluerindi fyrir starfsfólk um samvinnunám og einnig kynntu tveir kennarar skólans, Þóra Víkingisdóttir og Rannveig Hrólfsdóttir, þróunarverkefni í líffræði

í fyrsta bekk félagsfræðabrautar. Verkefnið fólst í því að prófa kennsluaðferðina um samvirkt nám. Sú aðferð kallar á nýjar lausnir í námsmati, m.a. aukið vægi hópstarfs og og virkni og þátttöku nemenda. Í hópstarfi er ekki látið nægja að meta heildarvinnu hópsins heldur eru einstaklingar innan hans einnig metnir sérstaklega".

Vinnu við mótun starfsmannastefnu er ólokið.

Á undanförunum árum hefur áhersla verið lögð á að byggja upp námssamfélag starfsmanna í MS t.d. í gegnum starfendarannsóknir, fræðslufundi, örnámskeið og þróunarverkefni. Stofnanasamningur milli MS og KÍ hefur verið nýttur til að búa til hvata fyrir starfsþróun starfsmanna í gegnum samning um styrki til þróunarverkefna og samning um árangurstengingu launa. Sjá nánar í sjálfsmatsskýrslu MS 2011-2012.

Skólinn hefur nú í áratug verið með í stofnanasamningi MS og félagsmanna í KÍ ákvæði um árangurstengingu launa auk þess sem árlega er varið töluverðu fé í að styrkja þróunarstarf í skólanum. Vorið 2012 var ákveðið að veita þróunarstyrki að upphæð 1.000.000 krónur skólaárið 2012-2013 eins og árið á undan. Aukningin frá árinu 2010 er 75%. Vorið 2012 var auglýst að sérstök áhersla yrði á að styrkja þróunarstarf sem fæli í sér nýjungar í námsmati og verkefnavinnu nemenda.

4) Stjórnun

MEGINMARKMIÐ 1:

Aukið upplýsingaflæði milli stjórnenda og starfsmanna og stjórnenda og nemenda.

DEILIMARKMIÐ:

- Fundir stjórnenda með fag- og sviðsstjórum verði ekki færri en 3 á önn.
- Fundir stjórnenda með sviðstjórum verði a.m.k. mánaðarlega.
- Fundir sjálfsmatshóps með bekkjartenglum verði haldnir árlega.
- Útbúa handbók starfsmanna og setja á Námsnetið.
- Skólinn verði heilsueflandi framhaldsskóli. Næstu fjögur árin vinnur hann með Lýðheilsustöð að skilgreinum markmiðum hvers árs þ.e. næringu, hreyfingu, lífsstíl og geðrækt.
- Halda áfram þátttöku í Lífshlaupinu.
- Bæta tengsl milli sjálfsmats og aðgerðaáætlunar skólans sem sett er fram á hverju hausti.
- Sjálfsmatsáætlun verði endurskoðuð árlega.
- Við gildistöku nýrrar námskrár verði stöðugildum í námsráðgjöf fjölgað í 2,0.
- Endurskipuleggja námsráðgjöfina í ljósi nýrrar skólanámskrár.

Fundum með fag- og sviðstjórum var fjölgað í 3 á hvorri önn 2011 og hélst sá fjöldi funda árið 2012. Fastur tími í töflu er fyrir fundi stjórnenda og sviðstjóra og fundir haldnir a.m.k

mánaðarlega og stundum oft. Fundir sjálfsmatshóps með bekkjartengum er orðinn fastur liður á haustönn ár hvert og í kjölfarið fara stjórnendur yfir fundargerð fundarins og rektor bregst skriflega við hugmyndum og ábendingum sem þar koma fram. Vinna við að útbúa handbók starfsmanna er langt komin.

MS er heilsueflandi framhaldsskóli, verkefnisstjórn er í höndum vinnuumhverfisstjóra og sérstaks átaksstjóra um heilsueflandi MS. Skólaárið 2011-2012 var áhersla á næringu en skólaárið 2012-2013 er áhersla á hreyfingu. Verkefnið gengur samkvæmt áætlun. Starfsmenn MS héldu áfram þátttöku í lífshlaupinu árið 2012.

Tengsl milli aðgerðaráætlunar og sjálfsmats voru aukin og fjallað var um mat á því hvernig tókst að hrinda aðgerðaráætluninni í framkvæmd í sérstökum kafla í sjálfsmats-skýrslunni. Sjálfsmatsáætlun Menntaskólans við Sund er endurskoðuð árlega, sjá mynd 7, sem sýnir tímasetningu helstu þátta í sjálfsmatsáætlun til þriggja ára.

Endurskipulagningu námsráðgjafarinnar er ólokið.

Sjálfsmatþáttur	Vorönn 2011	Haustönn 2011	Vorönn 2012	Haustönn 2012	Vorönn 2013	Haustönn 2013
Aðgerðaaætlun skólans						
Fundir sjálfsmatshóps með bekkjartenglum						
Fundir stjórnenda með nemendum						
Fundir stjórnenda og kennara faggreina						
Hugmyndakassi á Námsneti						
Mat á lotubundnu bekkjarkerfi						
Mat á nýrri skólanámskrá						
Mat á stjórnendum						
Nemendakönnun						
Sjálfsmat nemenda						
Sjálfsmatsáætlun skólaárs						
Starfendarannsókn						
Starfshópar um þróun skólastarfs						
Starfsmannakönnun						
Starfsmannaviðtöl rektors við nýja kennara						
Tölfræði um námsárangur nemenda						
Þjónustukönnun						

Mynd 7: Tímaáætlun einstakra þátta í sjálfsmatsáætlun MS.

5) Fjármál, rekstur, aðbúnaður

MEGINMARKMIÐ 1:

Rekstur skólans verði á hverju ári innan fjárheimilda og nýting fjármuna sé eins góð og kostur er.

DEILIMARKMIÐ:

- *Rekstur skólans verði á hverju ári innan fjárheimilda.*
- *Nýting fjármuna sé eins góð og kostur er.*
- *Nýtingarhlutfall áfanga verði áfram um 100% meðan kreppan varir.*
- *Yfirvinnupak verði sett frá hausti 2011 á heildarvinnumagn sem samsvarar 31 kennslustund á viku eða 36,4 klukkustundir á 4 vikum í yfirvinnu m.v. kennsluskyldu 24.*

Það tókst ekki að halda rekstri skólans innan fjárheimilda árið 2012 þó nýting fjármuna hafi verið eins góð og kostur er og nýtingarhlutfallið yfir 100%, sjá nánar í kafla um rekstur.

MEGINMARKMIÐ 2:

Endurbætur og viðbygging við MS fari fram frá 2012-2015.

DEILIMARKMIÐ:

- Endurbætur húsnæðis hefjist 2012.
- Við endurbætur á húsnæði skólans verði hugað að því að búa nemendum og starfsfólki eins góðar aðstæður og unnt er til starfa.
- Það er markmið skólans að með fyrirhuguðum nýframkvæmdum við skólann verði sérstaklega hugað að aðgengi fatlaðra, mötuneyti fyrir nemendur og starfsfólk.
- Þá er sérstakt markmið að kennslurými verði sveigjanlegt og list- og verkgreinaaðstaða verði skipulögð þannig að hægt verði að sinna vel nemendum, jafnt á styttri námsbraut sem og þeim sem eru á námsbrautum til stúdentsprófs.

Endurbætur húsnæðis MS hófust ekki 2012 en undirbúningurinn var á fullri ferð m.a. hönnunarsamkeppni um nýja viðbyggingu við skólann og munu byggingaframkvæmdir hefjast haustið 2013, sjá nánar í kafla um húsnæðismál.

6) Samstarf við aðra

MEGINMARKMIÐ 1:

Efla áfram samstarf við grunnskóla í nágrenninu, einkum forgangsskóla.

DEILIMARKMIÐ:

- *Áfram verði unnið að samstarfi við Vogaskóla. Unnið verði að því að bæta og formgera samstarfið á næstu þremur árum.*
- *Áfram verði árlega haldnir fundir með námsráðgjöfum í forgangsskólum MS.*
- *Áfram verði samstarf við MA varðandi rekstur, stjórnun og námsskrárgerð.*
- *Áfram verði árlegir fundir með utanaðkomandi ráðgjafa um sjálfsmat með MH, MR, MA og Flensborg.*

MS er í nánú samstarfi við Vogaskóla á mörgum sviðum, sjá nánar í kafla um samstarf síðar í ársskýrslunni.

Hætt er að halda fundi með námsráðgjöfum í forgangsskólum því þeir eru ekki lengur til staðar samkvæmt úrskurði Umboðsmanns Alþingis. Samstarf við MA hefur minnkað og ekki var haldinn árlegur fundur um sjálfsmat með MH, MR, MA og Flensborg.

Húsnæðismál

Skólinn starfar nú í 5.143 fermetra húsnæði og þar af er 759 fermetra íþróttaaðstaða.

Árið 2012 fór fram undirbúningur að byggingu nýrrar viðbyggingar við MS sem verður um 2.700 fermetrar að stærð. Hönnunarsamkeppni fór fram 2012 og þann 25. október 2012 veitti dómnefnd viðurkenningar og verðlaunaði þrjár tillögur sem bárust í hönnunarsamkeppni um viðbyggingu við skólann, sjá myndir 8 og 9 hér á eftir. Fyrstu verðlaun fékk Skipulags-, arkitekta- og verkfræðistofan ehf; Gestur Ólafsson, arkitekt og skipulagsfræðingur, Akos Doboczy, arkitekt, Zoltán V. Horváth, arkitekt. Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Reykjavíkurborg standa sameiginlega að þessum framkvæmdum og stefnt er að því að taka viðbygginguna í notkun um áramótin í upphafi vorannar 2015. Allar nánari upplýsingar má finna á vefsíðu Reykjavíkurborgar http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-4858/8420_read-33670/5704_view-5827/



Mynd 8: Vinningstillagan í hönnunarsamkeppni um viðbyggingu við MS



Mynd 9: Vinningshafar í hönnunarsamkeppni um viðbyggingu við MS ásamt Katrínu Jakobsdóttur, menntamálaráðherra sem afhenti verðlaunin.

Rekstrarstaðan og niðurskurður

Rekstrarstaðan

Heildartekjur MS 2012 voru kr. 487.997.753 og heildarútgjöld voru kr. 510.513.373. Rekstrarhalli ársins 2012 var samtals kr. 22.515.620. Eigið fé skólans 1. 1. 2012 var jákvætt um kr. 8.201.219 en neikvætt eigið fé 1. 1. 2013 var kr. 14.314.401.

Undanfarin ár hefur verið gripið til margvíslegra aðgerða til að mæta hagræðingarkröfum hins opinbera og hafa þær samanlagt haft verulega neikvæð áhrif á skólastarfið, gera okkur alls ekki kleift að veita jafn góða þjónustu við nemendur og áður og vinnuálag hefur stóraukist hjá kennurum. Áskorun barst frá mjög fjölmönnum fundi Sundamanna sem haldinn var þann 6. febrúar 2013 um að stofnanasamningur MS og KÍ verði endurskoðaður og laun allra kennara verði hækkuð um einn launaflokk þar til nýir samningar liggi fyrir og að greitt verði 10% álag fyrir kennslu bekkja sem telja 26-28 nemendur og 20% álag fyrir fjölda í bekk umfram það. Sundamenn rökstyðja ósk sína með stórauknu álagi í starfi sem orsakist af fjölgun nemenda í bekkjum, niðurskurði á ljósritunarþjónustu, ófullnægjandi tölvuaðstöðu og niðurskurði í aðföngum til kennslu. Á fundi með stjórn Sundamanna þann 26. febrúar 2013 var þessari áskorun kennara hafnað og skriflegt rökstutt svar lagt fram á fundinum. Ljóst er að mikillar og vaxandi óánægju gætir hjá kennurum með kjör sín og starfsskilyrði. Við upplifum meiri þreytu, minnkandi starfsánægju og neikvæðari viðhorf gagnvart fyrirhuguðum breytingum 2015 í kjölfar nýrra framhaldsskólalaga frá 2008.

Aðgerðir til hagræðingar og niðurskurðar

Eftirfarandi aðgerðir eru þær helstu sem skólinn hefur gripið til á síðustu árum til að mæta hagræðingarkröfum ríkisins: Lækkun á launagreiðslum hefur náðst fram á síðustu árum m.a. með fækkun um tvö stöðugildi á þjónustusviði, minni verkefnisstjórn, yfirvinnubaki og lækkun á yfirvinnugreiðslum til stjórnenda. Stofnanasamningar við BHM og SFR hafa ekki verið endurskoðaðir nema til að raða nýjum þjónustufulltrúa til launa. Þjónustufulltrúinn sinnir hálfu starfi á bókasafni (var áður fullt starf) og í hálfu starfi á skrifstofu (var áður fullt starf).

Námsframboð hefur verið skorið niður á undanförunum árum. Málabraut hefur ekki verið í boði síðan 2009. Skiptitímar í eðlisfræði, efnafræði, líffræði og stærðfræði voru lagðir niður

2009. Fjöldi valgreina í boði hefur verið haldið í lágmarki síðan 2009 og áhersla lögð á mjög góða hópanýtingu þar vegna aðhaldsaðgerða. Hutfall vikulegra kennslustunda á hvern nemanda var um 1,4 árið 2012 eins og þrjú árin þar á undan en 2008 var hlutfallið 1,7 en hafði verið á milli 1,8 og 1,9 fyrir einum áratug síðan eins og kom fram á ársskýrslu MS árið 2011. Meðalbekkurinn hefur stækkað úr 22,6 nemendum í 25,3 nemendur. Hópanýtingin hefur verið yfir 100% síðustu þrjú árin. Þessi þróun hefur haft mikil áhrif á skólastarfið þó erfitt sé að mæla það nákvæmlega.

Á síðustu árum hafa engin ný húsgögn verið keypt, nánast engin endurnýjun á tækjum, mikill niðurskurður á fjárveitingum til bókasafnsins, mjög lítil endurnýjun á tölum í vinnuherbergjum kennara og kennslustofum og engar nýjar á tölvur keyptar fyrir tölvustofur nemenda en tilflutningur hefur verið á tölum milli rýma í skólanum. Mjög lítil endurnýjun hefur einnig verið á öðrum kennslutækjum. Minni ræsting hefur verið á húsnæði og samningar endurnýjaðir í því skyni að draga úr kostnaði og einnig hafa samningar við ýmsa aðra þjónustuaðila verið endurskoðaðir með lækkun kostnaðar að markmiði frá 2008. Fyrirtækjaþjónusta Íslandspósts var sagt upp í nóvember 2012. Skrifstofuvörur hafa verið skornar mikið niður t.d. engar möppur keyptar 2012, eingöngu endurnýting á gömlum möppum. Pappírgjald nemenda var hækkað haustið 2012 og nemendur prenta mun meira út en áður því ljósritunarþjónusta var skorin niður.

Samstarf

MS er í samstarfi við foreldraráð MS sem á áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Kennslustjóri er tengiliður skólans við foreldraráðið og hélt fund 2012 með foreldraráði og forsvarsmönnum nemendafélagsins og félagsmálafulltrúum. Foreldraráðið kynnti starfsemi sína á fundi með foreldrum og forráðamönnum nýnema á haustönn 2012.

MS er í nánú samstarfi við Vogaskóla á mörgum sviðum. Nær samstarfið til stjórnunar, kennslu á tungumáladegi og stærðfræðidegi, samstarfs um vinnuumhverfismál frá haustönn 2012 og ákveðið að hefja á vorönn 2013 gagnkvæmar kynningar á þróunarstarfi kennara og koma á fundi íslenskukennara um skil skólastiga.

Af samstarfi við aðra aðila þá má m.a. nefna að stærðfræðikennarar voru í samstarfi við stærðfræðikennara í Langholtsskóla um verkefnavinnu yngri nemenda, íslenskukennari í samstarfi við hjúkrunarheimilið Mörkina um verkefni í bókmenntasögu 20. aldarinnar og lífsleiknikennarar í samstarfi við Langholtskirkju um fræðslu um sorgarviðbrögð.

MS var í samstarfi við líkamsræktarstöðvar og íþróttafélög í nærsamfélaginu um dagskrá á þemadegi bæði á vorönn og haustönn 2012. Þá opnuðu þau aðstöðu sína og veittu ókeypis aðgang og fræðslu um starfsemi sína. Hreyfing hefur einnig veitt starfsfólki MS afslátt.

Lokaorð

Hér hefur verið farið yfir nokkra þætti í skólastarfinu í MS árið 2012. Miklar vonir eru bundnar við nýja viðbyggingu skólans sem verður tekin í notkun árið 2015 og er skólinn afar þakklátur yfirvöldum menntamála hjá ríki og Reykjavíkurborg fyrir þær framkvæmdir. Öflugt þróunarstarf er unnið í skólanum við gerð nýrrar skólanámskrár, þróunarverkefni um samvinnunám, fjölbreyttar námsmatsaðferðir, starfendarannsóknir og þverfaglegt samstarf. Fjárhagsstaða skólans er mikið áhyggjuefni og nauðsynlegt er að fá auknar fjárheimildir til að geta áfram haldið uppi öflugu og framsæknu skólastarfi.

Reykjavík, 6. mars 2013

Hjördís Þorgeirsdóttir, rektor